

05e
Eva Kolstað 14. júní í Reykjavík um
SP - kvenréttindi - kvennaár.

Það eru svo margvísleg ÁR. Sum eru evrópsk, eins og náttúruverndar-
árið, sem haldið var, og byggðaverndarárið núna 1975. Önnur eru
alþjóðleg, vegna þess að inntak þeirra ára er á þann veg, að allur
heimurinn ætti að hafa áhuga á þeim. Þannig var um Mannréttinda-
árið - með sín háleitu markmið. Hið sama gilti um Mannfjölgunar-
árið 1974.

Það er ekki langur vegur frá Mannfjölgunarári til Kvennaárs, hvorki
í tíma, né hvað inntaki viðvíkur. Á Mannfjölgunarráðstefnunni í
Búkaress 1974 kom greinilega fram, að það er innra samhengi milli
stefnunnar í mannfjölgunarmálum og kvennamálefnum. Án þess að staða
konunnar breytist að öllu leyti til batnaðar, verður erfitt að leysa
mannfjölgunarvandamál heimsins. Og öfugt: Verði ekki unnt að draga
úr mannfjölgun, batnar ekki staða konunnar. Hafi kona einhverja
menntun eða starf, eignast hún færri börn. Og öfugt: Eigi hún fá
börn, á hún hægar með að öðlast menntun og hafa á hendi starf -
ef slíkt er þá yfirleitt á boðstólum þar sem hún á heima.

Á Matvælaráðstefnunni í Róm í árslok 1974 var staðfest, að konur
hafi miklu hlutverki að gegna, einnig hvað viðkemur fæðuöflun með
starfi sínu í landbúnaði og fæðutilreiðslu. Fjölskylduáætlanir og
matvæli, þrýstingur af mannfjölgun og kvenréttindi og innra samhengi
þessa alls, er þegar allt kemur til alls spurning um alþýðumenntun.
Til þess að efla menntun geta slík ÁR komið að gagni.

Þegar hugmyndinni um að gera árið 1975 að Kvennaári var fyrst hreyft
í Kvenréttindanefnd SP 1972, þótti ýmsum lítið til koma. Væri ekki
öllu betra að halda jafnréttisár? Fólki er svo gjarnt að misskilja.
Sé haldið kvennaár, fá menn þá hugmynd, að nú eigi að hylla konurnar -
eða þá að nú ætli konurnar að umturna valdahlutföllum og fara að
kúga karlana. Við sem komum frá löndum þar sem mannréttindi standa
samilega traustum fótum, álitum, að betra væri að leggja áherslu á
jafnréttisstefnu sem hluta í almenntri þjóðfélagsáætlun og að ekki
sé hægt að draga hana út úr sínu rétta samhengi. Að koma á jafn-
ræði er pólitísk ábyrgð, sem hvílir á ráðamönnum, bæði á alþjóða-
vettvangi, innan einstakra ríkja og staða.

Sem sagt ætti að nota slíkt ár fyrst og fremst til þess að vinna að
því að koma á jafnrétti milli karla og kvenna á borði, en ekki aðeins

í orði. Þannig hugsuðu flestir fulltrúar vestranna þjóða, þegar hugmyndinni um kvennaár var fyrst komið á framfæri í Kvenréttinda-nefnd SP 1972.

Fulltrúar þróunarlandanna brugðust við á allt annan hátt. Þeir urðu stórhreifnir af hugmyndinni um kvennaár. Þeir álitu, að það gæti gefið gott tækifæri til þess að draga fram í dagsljósið, að nú yrði að taka konurnar með í þróunina, jafnt á lögsta stigi sem á því hæsta, þar sem ákvarðanir eru teknar. Jafnrétti væri enn langt undan, einhvers staðar í fjarlægri framtíð. Áhugi fulltrúa þróunarlandanna réði úrslitum fyrir okkur öll. Kvennaárið var samþykkt með miklum meirihluta.

Því að við vorum sammála um, að þegar á að afnema misrétti, þarf öðru hverju sérstakar ráðstafanir, aðgerðir, sem koma upplýsingum á framfæri og koma fólki til að hugsa - og ef til vill einnig til þess að hrinda málum í framkvæmd. Mörgum lögum þarf að breyta og einnig mörgum siðum og venjum. Ekki hvað síst verða hin mjög svo persónubundnu viðhorf fólks að breytast.

Þegar SP voru settar á stofn eftir heimsstyrjöldina síðari, var viljinn til að byggja upp lýðræðisríki og afnema hvers kyns misrétti sterkur og lifandi. Mannréttindin urðu meginviðfangsefnið. Kynbáttavandamálið var tekið til sérstakrar athugunar. Mennt skildu, að vandinn stóð djúpum rótum, viðjaður í fordómum, siðum og venjum, í mismunandi menningarsamfélögum og mismunandi stjórnarfari, og að það þurfti verulegt átak og ef til vill langan tíma til þess að afnema misréttið. Í meginatriðum má segja að sama gildi um mismunun milli kynja. Yfirleitt er sú mismunun rakilega skorðuð djúpum og kræklóttum rótum í fordómum og erfðavenjum, í trúarsíðum og pólitískum viðhorfum margra kynslóða.

Hvernig á að afnema misrétti? Það stoðar lítið að samþykkja eitthvað eða senda út tilskipanir sem segja: "Héðan í frá átt þú að vera góður náunga þínum" - eða: "Héðan í frá átt þú að líta á systur þína og koma fram við hana sem jafningja, sem samborgara." Hér þarf önnur og sterkari meðöl.

Auk þessa verður að gera sér grein fyrir öðru: Það stoðar ekki, að allir negrar heimsins séu sammála um, að þeir vilji ekki lengur láta fara lakar með sig en hina hvítu, ef hinir hvítu eru ekki einnig reiðubúnir til þess að taka hina þeldökku inn í samfélagið sem meðbræður sína - á jafnréttisgrundvelli.

Það stoðar heldur ekki, að allar konur um heim allan geri uppreisn gegn misrétti og vanmati vegna kynferðis. Aðstaður batna ekki fyrr en allir karlar átta sig á, að konur eru jafngildir félagar þeirra og koma fram við þær samkvæmt því. Að ryðja burt mismunun er viðtækt verkefni.

Vegna þess að SP geta ekki eðli sínu samkvæmt skipt sér af innanríkismálum einstakra ríkja, og vegna þess að erfitt er að vinna bug á misrétti með samþykktum, skipuðu SP sérstaka nefnd, sem átti að vinna að afnámi misréttis vegna kynferðis.

"Nefndin til að fjalla um stöðu konunnar" var sett á laggirnar 1946 sem lítil undirnefnd Efnahags- og félagsmálaráðsins. Það var, þótt undarlegt megi virðast, árið áður en Mannréttindayfirlýsingin kom til. En sambandið milli þeirrar yfirlýsingar og verkefnis Kvenréttindanefndarinnar er augljóst. Því að um hvað annað er að ræða en mannréttindi?

Fyrsta grein Mannréttindayfirlýsingarinnar er á þessa leið: "Hver maður er borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum. Menntu eru gæddir vitsmunum og samvisku, og ber þeim að þreya bróðurlega hverjum við annan." Takið eftir, að hér stendur breyta bróðurlega. Líklega af gömlum vana. En athugum, hvort ekki þeri einnig að líta á konur sem menn. Ó jú, í 2. grein stendur: "Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Afsakið að hér er farið með alþekktar staðreyndir, en þetta eru slík grundvallaratriði í öllu starfi fyrir samborgarana, að þau þola endurtekningu. Og þetta segir mikið um, hvaða markmið voru sett á upphafsskeiði SP.

Nú vitum við að ekki hefur allt gengið að óskum, þrátt fyrir mikla vinnu á ýmsum vettvangi.

Mikilvægasti árangur af starfi Kvenréttindanefndarinnar er Yfirlýsingin um afnám mismununar gagnvart konum, sem eftir margra ára starf í nefndinni, var samþykkt á Allsherjarþingi SP í nóvember 1967. Í henni má finna í formi yfirlýsingar allt, sem hugurinn gírnist um réttindi kvenna til jafns við karla.

Hægt væri að koma með óendanlegan fjölda tilvitnana, en látum okkur

aðeins tilfæra nokkrar til að gefa grundvöll fyrir hugmyndum Kvenna-
ársins.

Grundvallarsjónarmiðin um jafnrétti karla og kvenna eru skýr og
óumdeilanleg. En nægir það? Í annarri grein þessarar mannréttinda-
bókar kvenna stendur: "Allar viðeigandi ráðstafanir á að gera til
þess að afnema gildandi lög, siðvenjur, forskriftir og reglur, sem
mismuna konum og til að standa vörð um jöfn réttindi karla og kvenna
á fullnægjandi hátt." Þess vegna verður að útrýma fordómum og
öðrum venjum, sem byggjast á hugmyndum um að karlar séu konum fremri.
Tryggja verður konum sömu stjórnáráttindi og körlum, borgara-
réttindi, jafnrétti innan fjölskyldunnar, rétt til eigin tekna og til
að ráðstafa þeim, sama ferðafrelsi og karlar, rétt til menntunar á
öllum stigum, til framhaldsmenntunar og styrkja, og loks rétt til
launaðrar vinnu, frama, orlofs, eftirlauna o.s.frv. - allt "án mis-
mununar vegna hjúskaparstéttar eða af öðrum sökum." Þessi upptalning
er engan veginn tamandi. Yfirlýsingin er innihaldsrík og nákvæm.
Að lokum er lögð áhersla á, að ráðstafanir, sem eiga að vernda konur
í vissum störfum vegna eðlis þeirra, þ.e. sérreglur vegna meðgöngu
og fæðinga, skuli ekki álitnar mismunun.

Í lok annarrar greinar er slegið föstu með mikilli bjartsýni að:
"Grundvallarreglumi um jafnrétti karla og kvenna á að koma á í öllum
ríkjum í samræmi við Sáttmála Sameinuðu þjóðanna og Alþjóða mannrétt-
indayfirlýsinguna. Ríkisstjórnir, stofnanir, sem ekki eru bundnar
ríkjum og einstaklingar eru því eindregið hvattir til að stuðla að
því af fremsta megni, að grundvallarreglur yfirlýsingar þessarar
verði framkvæmdar." Hvatning til okkar allra.

Fram til þessa er allt gott og blessað. En Yfirlýsing er ekki réttar-
lega bindandi fyrir meðlimaríkin. Þær eru þegar best lötur sið-
ferðilegarskuldbindingar, og það er alkunna, að ekki taka allir slíkar
skuldbindingar jafn hátiðlega.

Kvenréttindanefndin sendir jafnaðarlega meðlimaríkjunum langa spurn-
ingalista og athugar, hvernig miði framkvæmd grundvallarsjónarmiða
yfirlýsingarinnar, á sviði menntunar, stjórnála, í atvinnulífinu
o.s.frv. Samtímis eru ýmis svið, þar sem mismunun á sér stað, jafn-
aðarlega tekin til meðferðar og athugunar í námshópum, umræðum og
samþykktum. Aðrar stofnanir SP, eins og Alþjóða vinnumálastofnunin
og UNESCO fylgja svo málunum eftir á sínum sviðum.

Í Kvenréttindanefnd SP, sem 32 fulltrúar eiga nú sæti í og kemur saman

annað hvert ár, ríkir venjulega einhugur um jafnrétti sem meginreglu. Það er aðeins í nokkrum sérstökum tilteknum málum, sem árekstrar verða milli fulltrúa mismunandi menninga eða skoðanamunur um, hvað sé hagkvæmt pólitískt.

Þegar fjölskylduáætlanir ber á góma verða t.a.m. ævinlega umræður. Sumar þjóðir vilja eins og kunnugt er auka fólksfjölgun af stjórnmálalegum og efnahagslegum ástæðum, en málið horfir öðruvísi við, þar sem ekki verður við neitt ráðið vegna sveltandi manngrúa.

Þerist talið að ógiftum mæðrum koma í ljós viss siðferðileg og trúarleg viðhorf, sem valda því að erfitt er að ræða málin hlutlægt.

Og þegar Spánverjar og Marokkómenn mæla með þegnskylduvinnu fyrir ungar stúlkur sem góðriáferð til þess að virkja konur pólitískt, þá bregðast a.m.k. sumar okkar heldur ókvæða við. Það minnir of mikið á varnarskyldu Hitlerstímabilsins. Á Spáni geta ungar stúlkur hvorki fengið passa né skírteini, ef þær geta ekki lagt fram vottorð um að þær hafi innt af hendi þegnskylduvinnu. Eina leiðin til þess að komast undan þessari kvæð til að fá passa eða skírteini, er að sjá til þess að giftast. Hver var að tala um frelsi? Jafnrétti? Hver talaði um frelsi til að velja starf - án tilliti til kyns?

Grundvallarreglan um jafnan rétt til menntunar fyrir alla er hylt af flestum ríkjum við hátiðleg tækifæri. En við vitum, að í flestum ríkjum heims - einnig í okkar heimshluta - er mikill munur á menntunarstigi karla og kvenna. 60% ólæsa í heiminum eru konur og þessi tala hefur heldur hækkað undanfarinn áratug. Ekki batir úr skák, að sú þróunarhjálp, sem ríku iðnþróðu ríkin veita, ýtir heldur undir bilið milli karla og kvenna í þróunarlöndunum. Sérfræðingarnir, sem sendir eru út, eru yfirleitt karlmenn og þeir þjálfar yfirleitt karlmenn. Jafnvel í landbúnaði, sem í mörgum þróunarlöndum hefur verið verksvið kvenna, eru karlar þjálfaðir í þróaðri landbúnaðartækni. Konurnar fá lítinn eða engan hlut í velmegunarþróuninni. - Þvert á móti, þær missa stöðu sína.

Munurinn á launum kvenna og karla hefur einnig haft tilhneigingu til að aukast síðastliðinn áratug. Í Bandaríkjunum er reiknað með að konur þurfi menntun a.m.k. á háskólastigi til þess að geta fengið jafn mikil laun og karlaður með unglingspróf. Hvað er orðið af réttinum til jafna launa?

Einnig í Noregi má finna dæmi þess, að þróunin í átt að jöfnum launum gangi ekki í rétta átt. Nýlega urðum við t.a.m. vitni að því, að

úreltar hugmyndir um fjölskyldufyrirvinnu og hlutverk kynjanna ollu því að konum var bolað út úr atvinnulífinu, meðan ungir karlar án fyrirvinnuskyldna fengu að halda störfum sínum, af því að þeir voru karlmenn. Enn er litið á konur sem varavinnuafli, sem kalla má á þegar þörf krefur en er ýtt til hliðar aftur þegar það hentar. Bolað í burtu einnig með samþykki samstarfsmanna sinna. Hvernig er þá háttað réttinum til vinnu, sem kveðið er á um í Yfirlýsingu SP 10. gr.? En það er grein, sem felld verður inn í norsk lög um jafnrétti innan skamms. Svo ekki sé nú minnst á, að í norsku stjórnarskránni er kveðið á um rétt til atvinnu.

Á meðan við hér á okkar breiddargráðum gleðjumst yfir því að fá lög-
gjöf, sem á að afnema þau kennslugögn í skólunum þar sem kyngreiningu er að finna og smána saman afnema mismunun í stöðuveitingum eftir kynjum og takmarka misnotkun kvenlíkamans í auglýsingum, eru það allt önnur vandamál, sem konurnar í vissum þróunarlöndum verða að takast á við í sínu daglega lífi.

Ungar stúlkur í sveitum Filippseyja eru ginntar til borganna með lof-
orðum um góða atvinnu á hótelum og veitingahúsum, og komast að því, þegar til borganna er komið, að þeim sé að vísu ætlað að veita þjónustu, en fyrst og fremst eiga þær að selja sig. Mörkin milli vandis og þrælasölu eru torséð. Kvenréttindanefndin hefur nú einnig blásið lífi í nokkrar gleymdar samþykktir um misnotkun samborgara. Það sama hefur International Alliance of Women gert.

Hvernig hagar svo til um réttinn til þess að velja sér sjálfur lífs-
förunaut og að ákveða sjálf, hvort og hvenær eignast á börn?
Til eru menningarsvæði, þar sem konungar stúlkur eru umskornar á nánast dýrslegan hátt. Tilgangurinn er að gera þær hafar að fæða börn. Það veldur ekki einu sinni mæðrum þeirra áhyggjum, að þær eru samtímis sviptar gleðinni af kynlífi og gerðar að fæðingarvélum. Erfðaövenjurnar hafa svo sterk ítök, að ungu stúlkurnar trúu því sjálfar, að þær geti ekki eignast börn og orðið reglulegar konur nema því aðeins að þær séu umskornar. - Samt sem áður játast einnig þessar þjóðir undir alþjóða yfirlýsingar um jafnrétti milli karla og kvenna á öllum sviðum.

Innan vestrænna þjóðfélaga finnum við aðrar aðstæður. Þegar refsing fyrir ótryggð er eitt ár fyrir kvænta karla, en þrjú fyrir giftar konur, finnum við umsvifalaust, að hér er um alvarlegt ranglati að ræða.

Látum þetta nægja að sinni. Finna má þúsundir dæma, sem sýna hinn mikla reginmun á réttindum karla og kvenna alls staðar í heiminum. Telja má upp rök svo hundruðum skiptir, sem mæla með því að halda áfram að taka frumkvæði og hrinda af stað sérstökum aðgerðum til að afnema mismun vegna kynferðis.

Til þess að smíða enn eitt vopn til að vinna að jafnrétti milli karla og kvenna og herða á þróuninni, ákváðu SP, að árið 1975 skyldi vera Kvennaár. Hálfvolgur áhugi ýmissa pólitískra stofnana og allir heimskulegu brandararnir, sem við höfum mátt þola, hafa fært okkur heim sanninn um, að slíkt ár getur bjónað sínum tilgangi, - einnig hérna hjá okkur.

Fundur Kvenréttindanefndarinnar í jánúar 1974 gerði drög að dagskrá fyrir Kvennaárið. Það var samþykkt að einbeita sér að þremur mál-efnum á Kvennaárinu: Jafnrétti, framfarir, friður. Starfsemin á árinu átti að beinast að þessum atriðum með auknu afli:

- 1) að efla jafnrétti karla og kvenna.
- 2) tryggja fulla, algjöra, bátttöku kvenna í heildarþróuninni, með sérstekri áherslu á ábyrgð kvenna og mikilvægt hlutverk þeirra í efnahagsmálum, í þjóðfélags- og menningarþróun innan einstakra ríkja, svæða eða á alþjóðavettvangi.
- 3) viðurkenning á mikilvægi aukinnar hlutdeildar kvenna í bróun vináttusambanda og samvinnu milli þjóða og til eflingar heimsfriðnum.

Innan þessa ramma geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, bæði þróunarlönd og iðnríki. Starfsemi **Kvennaársins** má skipuleggja á hvern þann hátt, sem menn kjósa, annaðhvort með því að einbeita sér að því að bæta ástandið í heimalandi sínu, eða með því að leggja höfuð-áhersluna á hið alþjóðlega starf, eða hvort tveggja.

Enn sem komið er veit enginn tölu þeirra funda, námskeiða og umræðu-þópa, sem skipulögð verða á Kvennaárinu. En slíkar samkomur hafa takmarkað gildi. Um leið og tiltölulega lítill hópur hlýtur slíka uppfærðslu verður að efla uppþýsingaþjónustu á breiðum grundvelli ef takast á að koma á einhverri breytingu á viðhorfum.

Í Noregi höfum við á Kvennaárinu lagt höfuðáherslu á tilraun til þess að fá alla þjóðina með í nokkurs konar herferð - hugarfarsbreytingarherferð - án þess bó að við höfum kallað hana því nafni. Þegar forsætisráðherra Noregs, Bratteli, tilkynnti upphaf **Kvennaársins** í útvarpi og sjónvarpi, sagði hann m.a.:

"Það verður að efla skilning og skapa betri forsendur fyrir auknu jafnrétti milli karla og kvenna í öllum löndum. Erfðavenjur margra árbúsunda hvíla þungt á hinum ólíku aðstæðum og möguleikum sem konum og körlum býðst. Mismunur í uppeldi, menntun, starfswali, framamöguleikum. Breiðfylkingin fyrir auknu jafnrétti verður að hefjast á ungum aldri. Er fram í sækir hnýtist ástandið í hnút erfðavenjanna ..."

Ástandið binst snemma í hnút, fastmótaðan, já. Kennari nokkur, sem gaf bekk í unglingskóla ritgerðaverkefnið "Dagur, þegar ég er fimmtíu ára", fékk ótvíræða sönnun þess hvernig hlutverkaskiptingin var þegar fastmótúð. Allir piltarnir skrifuðu um starf sitt og þá var einkum um að ræða skemmtilegt eða ábyrgðamikið eða vellaunað starf. Þeir sögðu ekkert um fjölskyldu eða um neitt það sem snerti tilfinningalíf. En stúlkurnar skrifuðu um hjónaband sitt, og um það hversu mörg börn þær héldu að þær myndu eignast, án þess að leiða hugann að því, að þegar þær varu orðnar fimmtugar, yrðu börnin í flestum tilvikum fullorðin. Og sem sönnun þess, hvernig vikublöð og auglýsingar móta hugmyndir um konuna, sem síunga og fallega, skrifaði stúlka nokkur í ritgerð sinni: "Þegar ég verð fimmtug verð ég dáiin."

Hvernig er hægt að breyta viðhorfum, sem þegar eru fastmótúð?

Það verður að hitta fólk, hvar sem það er, taka það tali og fá því umhugsunarefni. Af þessari ástæðu höfum við í Noregi hafnað öllum opinberum hátíðahöldum, en höfum aftur á móti beint tillögum okkar til allra sveitarfélaga landsins. Við höfum snúið okkur til skóla, háskóla, dagblaða og vikublaða, sýningarsala og leikhúsa, kvikmyndahúsa og safna, o.s.frv. En mest er um vert, að leitað hefur verið til allra sveitarfélaga landsins. Við höfum farið þess á leit við þau, að þau kjósi sínar eigin nefndir í tilefni Kvennaárs. Meir en helmingur hefur gert það, og mörg þeirra hafa veitt nokkurt fé til samkomuhalds heima í héraði. Til þess að fá fólk til þess að ræða réttindi kvenna, þannig að það geti byrjað að velta hlutunum fyrir sér, til þess að ná inn á hvert einasta heimili í landinu - ef unnt er - hefur öllum skólum verið boðið að taka þátt í keppni um bekkjarblöð, teikningar og ritgerðir um efni sem falla innan ramma Kvennaársins.

Leikskólarnir (forskólarnir) urðu fyrstir til með svör sín og hin nnyttustu og bestu voru sett á sýningu í stjórnarbyggingunni í Osló í apríl í ár. Börnin voru t.d. spurð: "Hvað er kona?" Eitt þeirra

svaraði: "Ég þekki eina, en ég hef gleymt, hvað hún heitir."
Annað sagði: "Mamma hefur verið kona." Hið þriðja sagði, að kona væri gömul kona, en "amma er ekki kona." Síðan voru börnin spurð: Hvað gerir kona? Svörin voru táknræn: "Þar hjálpa börnum í leikfimi og svoleiðis", sagði eitt. "Þar standa og horfa út um gluggann", sagði annað. Annars þvoðu þær upp. Konur þær, sem börnin teiknuðu þvoðu upp einhver ókjör. Örsjaldan sáu karlmenn, sem tóku þátt í uppþvottinum. Það mátti sjá barnshafandi konur klifra á þakinu til þess að gera við rennuna "því að enginn hjálpar þeim". Við sáum barnshafandi konur bera þungar innkaupatöskur. Því að enginn hjálpaði þeim við það heldur. Og við fengum stórkostleg dæmi um það að börn eru mjög raunsæ um gang lífsins. Við spurningunni: "Hvað gerir kona?" svaraði eitt barn: "Þær gifta sig og eignast börn." Í hugmyndaheimi barnanna voru mjög fáar konur, sem störfuðu utan heimilis. Það var augljóst að fósttran hafði beint athygli þeirra að því, að þau ímynduðu sér konu, sem ók bíl, karla sem gættu barna, konur sem fóru til tunglsins og hjúkrunarmenn. Annars voru hlutverkin fastmótuð - hnúturinn hnýttur.

Sveitarstjórnarnefndir Kvennaársins hafa haft frjálssar hendur. Við vildum fyrst og fremst hvetja til eigin framkvæmda. Margar sveitarstjórnir er byrjaðar að vinna að skrá um óskir kvenna innan sveitarfélaganna um störf og þarfir þeirra fyrir starfskröftum. Við höfum haft samband við Atvinnumálaráðuneytið til þess að tryggja, að slík skrá verði einnig notuð af aðiljum miðstjórnarvaldsins eftir 1975. En þetta starf er sérstaklega þýðingamikið, af því að það hlýtur að hafa pólitískar afleiðingar fyrir framtíðarþróun í héruðunum. Konur munu beita stjórnámaláttum þrýstingi og krefjast aðgerða, þegar þörfin fyrir störf liggur ljóst fyrir. Því að til þessa hefur allt of lítið verið gert til þess að tryggja konum menntunaraðstæður fram yfir skyldunám í sveitunum, og til að útvega þeim hentug störf þar sem þær búa.

Á meðan við vinnum að upplýsingastarfsemi á breiðum grundvelli um land allt með bæklingum, kvikmyndum, leshringjum o.s.frv. er undirbúningurinn að kvennaáráðstefnunni miklu í Mexico í fullum gangi.

Það var fulltrúi Bandaríkjanna í Kvenréttindanefndinni, sem á fundi í janúar 1974 lagði fram tillögu um slíka ráðstefnu. Aðalatriðið var að á Kvennaárinu yrði boðið til ráðstefnu ábyrgum pólitískum aðiljum sem fara með æðstu völd, eins og gert hefur verið önnur ÁR SP. Sovétríkin og nokkur önnur ríki voru ekki ýkja hrifin, trúlega

af fjárhagslegum- og stjórn málaástæðum. Þess vegna eru líka uppi áætlanir um ráðstefnu fyrir alla, sem halda á í Austur-Berlín í haust.

Ráðstefnan mikla í Mexico mun samþykkja framkvæmdaáætlun fyrir heiminn. Áætlunin á ekki að koma í stað samþykktar og yfirlýsinga, sem fyrir eru, heldur er vonast til að hún örvi þróunina í átt til samfélags, þar sem karlar og konur standa jafnfætis í raun. Það er tekið skýrt fram, að þetta felur einnig í sér breytingar á hefðbundnu hlutverki karla. SP ætla að koma á eftirlitskerfi, sem fylgist með áhrifunum af framkvæmdaáætluninni næsta áratug og lengur.

Vandamál þróunarlandanna muna hafa forgang á fundinum í Mexico, eins og rétt er og skylt. Þýðingamesta verkefni Kvennaársins verður að sjá um, að konur á öllum stigum þróunar fái að taka þátt í samfélagsþróuninni með körlum sem samborgarar. Þær þurfa að vinna upp meira forskot. Vandamálin eru erfiðust þar.

SP hafa sent frá sér eindregin tilmæli til meðlimabjóðanna um að sjá svo til, að sendinefndirnar á þingið í Mexico verði skipaðar bæði konum og körlum, helst til helminga. Svo mun þó varla verða. En það vekur spurningu, sem við ættum að íhuga nánar: Eigum við í framtíðinni að sjá til þess, að allar aðrar sendinefndir til SP verði ^{skipaðar} í hefðlegum hlutföllum fulltrúum beggja kynja, án tillits til málefnsins sem um er að ræða? Slík kröfugerð er e.t.v. tímaber.

Þetta getur tilefni til að spyrja, hvernig sé ástatt innan SP. - Ástandið er í stuttu máli bághoríð. Að jafnaði er hlutfall kvenna í sendinefndum 7%. Þær fáu sem eru, eru skipaðar í nefndir sem fjalla um félagsleg málefni. En skipun sendinefnda fellur undir meðlimabjóðirnar og þær verða að leiðrétta samsetningu þeirra. Ekki hefur vantað ákafar hvatningar og eindregin tilmæli frá Kvenréttindanefndinni til meðlimaríkjanna um að auka hlut kvenna í sendinefndum verulega.

Í starfsliði SP má finna þennan venjulega pýramída. Á tindinum er einn karlmaður, ein kona, Helvi Sipilä, meðal nokkurra karlmannna á næsta þrepi. Tvær konur á þrepinu fyrir neðan. Fjórar á fjórða þrepi frá tindinum. En ef farið er niður á botn pýramíðans finnum við fjöldann allan af konum - þar er meirihlutinn konur.

Þegar kvenréttindanefndin beindi athygli sinni að stefnu SP sjálfra í mannráðningum árið 1970, vakti það allmikla ólgu meðal leiðtoganna. En þeir urðu að setta sig við það. Nú er það orðin viðtekin regla, að allar stofnanir SP senda Kvenréttindanefndinni skýrslur reglulega um

samsetningu starfsliðs síns á öllum stigum og allsstaðar innan hinnar stóru fjölskyldu SP. Merkja má nokkra framför, en hún er hægfara.

Bræði þegar um er að ræða stefnu SP sjálfra og meðlimabjóðanna gagnvart konum mun Kvennaárið, ef það er notað á réttan hátt geta ýtt undir þróunina. Þegar bylgjurnar eftir hina heimskulegu brandara hefur lagt, verðum við að vona, að hugsanirnar verði skynsamlegri og skriður hafi komist á þá hugarfarsbreytingu, sem við álítum nauðsynlega.

Við eigum að nota þetta ár á allan hátt. Það er eins og það sé ekki réttmætt að greiða atkvæði á móti málum kvenna í stjórnmalasamkundum. Þetta getur opnað möguleika til að flýta vissum raunhafum og pólitískum framkvæmdum, eins og t.a.m. dagvistunarstofnanir fyrir börn, styttri vinnutími fyrir foreldra lítilla barna, sveigjanlegri vinnutími, jafnan rétt til eftirlauna fyrir karla og konur, breytingar á skattalögum o.s.frv. Nóg eru verkefni einnig á Norðurlöndum.

Ekki má þó líta á það sem sjálfselæku, að við leitumst við að bæta ástandið hjá okkur. Við erum komin langt í samanburði við mörg þróunarlöndin. Við erum lánsöm. Við erum rík. En það leggur okkur líka þar skyldur á herðar að prófa jafaréttishugsjónirnar í framkvæmd. Við vitum að við höfum ekki heldur náð markmiðunum. Við getum enn bæt ástandið og gefið fyrirmyndir um fyrirkomulag sem e.t.v. má aðlaga með öðrum þjóðum með annað stjórnarfar og efnahagskerfi. Samtímis eigum við að sjálfsögðu að gera allt sem hægt er til þess að veita þeim aðstoð, sem hana þurfa og ef hægt er ýta undir þróun sem hagnýtir hæfileika og gáfur bæði karla og kvenna hvar sem er í heiminum. Auðvitað með viðeigandi virðingu fyrir þeirra menningu. Við höfum efni á því.

Við verðum að nota Árið á allan hátt til þess að draga úr bilinu milli manna, milli orðs og æðis, milli kenningar og lífarnis.

Við verðum að breyta öllum sínu orðunum sem við heyrum við hátíðleg tækifæri - fyrir minni kvenna o.b.u.l. - í bróðerniskennd og samvinnu.

Við viljum stefna að samfélagi, þar sem hver einstaklingur fær tækifæri og nýtur frelsis til að þroska sín séreinkenni og nota hæfileika sína og krafta.

Markið er sett hátt og við náum því ekki á einu ári, en við getum e.t.v. lagt grundvöll, sem getur orðið til þess að fara okkur nær þessu marki.